

## Kaup Danól ehf. á viðskiptasamböndum Ásbjörns Ólafssonar ehf.

### I. Málsmeðferð

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Danól ehf, (hér eftir „Danól“) og Ásbjörns Ólafsson ehf. (hér eftir „Ásbjörn Ólafsson“). Við samrunann mun Danól taka yfir viðskipta- og birgjasambönd af Ásbirni Ólafssyni í matvöru-, stóreldhúsa- og hreinlætisvöruhuta, eins og þau eru skilgreind í samrunaskrá, af því gefnu að birgjar samþykki yfirfærsluna. Danól er í 100% eigu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. (hér eftir „Ölgerðin“), en er rekið sem sjálfstæð eining.
2. Að mati Samkeppniseftirlitsins var samrunaskráin fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Byrjuðu því frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann að líða 11. júní 2021.
3. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá og afhentra gagna frá samrunaaðilum. Einnig átti Samkeppniseftirlitið samtöl við ýmsa hagaðila ásamt því að umsagnarbeiðni var send á hagaðila.
4. Meðferð málsins lauk með bréfi, dags. 15. júlí 2021, en með því tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að það teldi ekki forsendur til að aðhafast vegna samrunans. Vegna anna yrði rökstuðningur í formi ákvörðunar birtur síðar.

### II. Samruninn

5. Starfsemi samrunaaðila er eftirfarandi:
  - a) Danól er 100% í eigu Ölgerðarinnar en er rekið sem sjálfstæð eining. Danól selur matvæli og ýmsa sérvöru í heildsölu. Danól er skipt upp í þrjár eininga sem hver um sig sér um sitt afmarkaða svið. Sviðin eru matvara, stóreldhús og kaffikerfi, og snyrti- og sérvara. Á matvörusviði selur Danól í heildsölu mat- og sérvörur fyrir stórmarkaði og verslanir. Á sviði snyrti- og sérvöru selur Danól í heildsölu vörumerki úr öllum helstu flokkum umhirðu, snyrti- og förðunarvörur, húðumhirðu, tannhirðu o.s.frv. Á sviði stóreldhúss og kaffikerfa býður Danól heildstæðar lausnir í ýmsum matvælum og aðföngum er snúa að rekstri í matvælageiranum. Á meðal viðskiptavina á þessu sviði eru bakarí, hótél, kaffihús, veitingahús og stóreldhús.



- b) Ásbjörn Ólafsson er heildverslun en kjarnastarfsemi félagsins snýr að innflutningi, markaðssetningu, sölu og dreifingu á ýmsum vörum fyrir neytenda- og stórnotendamarkaði.
6. Með kaupsamningi aðila, dags. 14. maí 2021, var samið um að Danól myndi taka yfir viðskiptasambönd, tæki og birgðir Ásbjörns Ólafssonar á sviðum matvöru-, stóreldhúsa- og hreinlætisvöruhluta. Í samrunaskrá segir að einungis sé um að ræða hluta birgjasambanda Ásbjörns Ólafssonar. Ekki sé um það að ræða að verið sé að taka yfir langtímasamninga við birgja heldur fela kaupin í sér [ ]<sup>1</sup> við umrædda birgja.
7. Í samrunaskrá byggja samrunaaðilar á því að samruninn nái fyrst og fremst til þeirra markaða sem samrunaaðilar starfi á, þ.e. á sviði heildsölu á matvælum og ýmsum sérvörum. Samruninn stuðli að stærðarhagkvæmni sem leiði til lægra vöruverðs fyrir neytendur.
8. Að mati samrunaaðila verður skörun á eftirfarandi mörkuðum:
- a) Safar og djús
- Danól selur Egils djúsþykkni á meðan Ásbjörn Ólafsson selur og dreifir Fun Light djúsþykkni. Með samrunanum kemur Danól til með að fá viljrði fyrir viðskiptasambandi við Orkla, sem er jafnframt birgir fyrir Fun Light djúsþykkni. Er það mat samrunaaðila að markaður fyrir djúsþykkni ætti að vera bundinn við sölu og dreifingu á djúsþykkni, bæði sykrðu og ósykrðu, og svokölluðum blönduðum söfum.
- b) Frosnir tilbúnir réttir
- Danól flytur inn og selur rétti frá Halsans kök, Goodfellas og Daloon. Ásbjörn Ólafsson flytur inn og selur rétti frá Anamma. Samrunaaðilar telja að fyrirhugaður samruni komi ekki til með að vekja upp samkeppnisleg álitamál, hvernig sem markaðurinn fyrir frosna tilbúna rétti verður skilgreindur.
- c) Hrökkbrauð, tvíbökur og bruður
- Danól selur og dreifir hrökkbrauðinu Sigdal en Ásbjörn Ólafsson selur og dreifir hrökkbrauði frá vörumerkjunum Leksand og Burger.
- d) Kolsýrðir drykkir
- Ölgerðin framleiðir og dreifir kolsýrðum drykkjum á borð við 7-Up, Pepsi, Appelsín, Kristal, COLLAB, Egils Orku og Kristal Plús, auk annarra kolsýrðra drykkja og lífstílsdrykkja. Ásbjörn Ólafsson flytur inn og dreifir kolsýrðum drykkjum frá San Pellegrino. Með samrunanum er ætlunin að Danól fái viljrði fyrir viðskiptasambandi við San Pellegrino.
- e) Súkkulaði og annað sælgæti
- Danól flytur inn og selur sælgæti frá t.d. Haribo, Mentos, Fruitella, Nestlé Lion bar, Rolo, Smarties, Toffee Crisp og Ktikat, After Eight, Chupa Chups, Evers og Quality Street. Ásbjörn Ólafsson er einnig virkt í innflutningi og heildsölu á sælgæti. Má þar nefna sælgæti frá Cloetta, Walkers, Fini Victory, Carletti, Lakrisal, Castus Jakobsen og CCI.

---

<sup>1</sup> Felld út vegna trúnaðar.



f) Sælgætistöflur

- Danól flytur inn og selur töflur frá Smint og Pez og Ásbjörn Ólafsson flytur inn og selur töflur frá Lakkerol og Cloetta. Að mati samrunaaðila er líklegra en ella að sælgætistöflur teljist vera á sérstökum markaði frekar en á sama markaði og annað sælgæti þó ekki sé útilokað að sælgætistöflur teljist vera á sama markaði og annað sælgæti.

g) Kraftar til stórelldhúsa

- Danól selur „non-branded“ krafta fyrri stórelldhús undir nöfnum framleiðandanna Brakes og Citti. Ásbjörn Ólafsson missti vörumerkið Knorr til Nathan & Olsen en hefur hafið innflutning á kröftum frá Nannerl, Salsus og Major.

9. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar telji að samkeppnisleg áhrif samrunans hverfandi. Að mat samrunaaðila er sameiginleg markaðshlutdeild þeirra á mörkuðum fyrir sælgæti, sælgætistöflur, frosna rétti og djúþykki slík að hún sé langt frá því að geta talist fela í sér markaðsráðandi stöðu. Á framangreindum mörkuðum starfi sterk fyrirtæki sem hafa hærri markaðshlutdeild en samrunaaðilar og aðgangshindranir litlar. Á markaði fyrir kolsýrða drykki byggja samrunaaðilar á því að í ljósi þeirrar litlu hlutdeildar Ásbjörns Ólafssonar á markaði fyrir kolsýrða drykki og styrkleika keppinauta samrunaaðila, CCEP, sé það mat þeirra að markaðsráðandi staði sé í reynd ekki að styrkjast með samrunanum, né að samruninn komi til með að hindra samkeppni eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti.
10. Samrunaaðilar taka það fram að töluverður kaupendastyrkur sé til staðar á öllum mörkuðum þar sem áhrifa gætir sem veiti samrunaaðilum samkeppnislegt aðhald. Smásölukeðjur hafi í auknum mæli aukið verulega samkeppni sína við framleiðslu- og heildsöluþyriræki með sölu á einkavörumerkjum og/eða samhliða innflutningi á viðkomandi vörumerki.
11. Í samrunaskrá benda samrunaaðilar einnig á að kaupin feli ekki í sér einkaleyfi eða langtímasamninga við umrædda birgja heldur er um að ræða [ ].<sup>2</sup> Þessum sömu birgjum sé í kjölfarið frjálst að eiga viðskipti við aðra innflutningsaðila eða jafnvel smásölukeðjur beint. Þá liggja fyrir að á markaði fyrir innflutning og heildsölu á dagvörum eru almennt ekki til staðar einkaleyfasamningar eða langtímasamningar við birgja.
12. Í samrunaskrá segir að lokum að það sé mat samrunaaðila að samruninn komi ekki til með að hindra virka samkeppni á framangreindum mörkuðum með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

### III. Niðurstaða

13. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif óveruleg.
14. Eftir að hafa lagt mat á þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða

---

<sup>2</sup> Fellt úr vegna trúnaðar.



styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Því sé ekki tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna hans eða aðhafast frekar í málinu.

#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Danól ehf. á viðskiptasamböndum Ásbjörns Ólafssonar ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson